
Torfur, svínabú

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. janúar 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stefáni Þórðarsyni ehf. um fyrirhugað svínabú að Torfum, Eyjafjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.10 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna eftirfarandi aðila: Eyjafjarðarsveitar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Torfur, svínabú. Fyrirspurn um matsskyldu. Landslag ehf., janúar 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Eyjafjarðarsveit með tölvupósti dags. 20. febrúar 2019.
- Fiskistofu með bréfi dags. 8. febrúar 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 7. febrúar 2019.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 25. janúar 2019.
- Minjastofnun með bréfi dags. 17. janúar 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. janúar 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 29. janúar, 7., 13. og 20. febrúar og 5., 7. og 11. mars 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ráðgert sé að reisa um 6.000 m² svínabú í landi Torfa í Eyjafjarðarsveit. Jörðin Torfur sé um 19 ha að stærð en framkvæmdir feli í sér byggingu tveggja gripahúsa, haugtanks/tanka, starfsmanna- og gestahúss og 8 sílóa á rúmlega 5 ha lóð. Um sé að ræða þauleldisbú með 2.400 alisvín¹, 400 gyltum og rúmlega 1.000 smágrísum á hverjum tíma. Áætlað sé að heildarvatnsnotkun verði 0,45-0,5 l/sek og gert sé ráð fyrir að bora um 20-30 m djúpa borholu innan lóðar og verður holan staðsett í samráði við sérfræðinga á sviði vatnsöflunar, þannig að mengun berist ekki í vatnsból. Aðkoma að lóð svínabúsins verði frá Eyjafjarðarbraut vestri um núverandi aðkomuveg sem byggja þurfi upp. Ekki sé gert ráð fyrir nýjum vegum eða veltengingum. Gert sé ráð fyrir allt að 25 þús. m³ efnistöku úr áreyrum Finnastaðaár.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að 9.000 m³ af svínaskít muni falla til á ári og ráðgert sé að reisa annað hvort einn 6000 m³ haugtank eða tvo sem rúmi 3000 m³ hvor. Veggghæð haugtanka verður að hámarki 4 m en veggirnir verða um 2 m yfir landhæð. Byggingarreitir eru í meira en 50 m fjarlægð frá Finnastaðaá. Hluti eldis verður áfram á svínabúi framkvæmdaraðila að Teigi í Eyjafjarðarsveit en

¹ Grísir þyngri en 30 kg eru alisvín skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.



Þar verður fjöldi alisvína um 800. Staðsetning hreinsivirkis og siturlagna, vegna fráveitu frá stafsmanna- og gestahúsi, verði ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Líkleg staðsetning sé austast á lóð búsins í 200 m fjarlægð frá fyrirhugaðri neysluvatnsholu.

Matvælastofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd gæti verið háð umhverfismati skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, þar sem gert sé ráð fyrir því að á búinu verði 400 gyltur og 2.400 alisvín svo heildarlífsmassi á búinu verði meiri og ágangur og magn úrgangs meira en ef einungis væru 900 gyltur eða 3.000 alisvín [sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna].

Það er mat framkvæmdaraðila að svínabú skuli háð mati á umhverfisáhrifum ef stæði fyrir alisvín eru 3.000 eða fleiri annars vegar og ef svínabú eru með 900 stæði eða fleiri fyrir gyltur hins vegar. Algengt sé að svínabú séu byggð bæði fyrir alisvín og gyltur. Það sé skilningur framkvæmdaraðila að svo lengi sem samnlög bústærð sé undir 3.000 alisvínnum og samanlagður fjöldi gylta sé undir 900 sé um að ræða framkvæmd í flokki B sem sé tilkynningarskyld, en ekki sem framkvæmd í flokki A sem sé ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur óljóst í greinargerð framkvæmdaraðila hver heildarfjöldi allra dýra á búinu verði á hverjum tíma. Þegar lagður sé saman fjöldi alisvína (2.400), gylta (400) og smágrísa (1.728) geti skv. skilningi stofnunarinnar verið allt að 4.528 misstór dýr á búinu á hverjum tíma.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að inn í heildartöluna vanti fjölda grísa sem séu undir mjólkandi gyltum á hverjum tíma. Gotstíur séu alls 120, en 20 standi auðar á hverjum tíma vegna þvotta og flutninga. Allt að 14 grísir geti verið undir hverri gyltu og því sé gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi spenagrísa á hverjum tíma geti verið 1.400 (100 gotstíur x 14 grísir). Þá megi gera ráð fyrir að fjöldi galta geti verið allt að 8 [sjá töflu 1].

Tafla 1. Fyrirhugaður heildarfjöldi dýra á búinu á hverjum tíma

Proskaskeið dýrs	Hámarksfjöldi
Alisvín (>30 kg)	2.400
Gyltur	400
Grísir á spena (<30 kg)	1.400
Geltir	8
Alls	4.208

4 UMHVERFISÁHRIF

Úrgangur og lykt

Fram kemur að svínaskítur verði fluttur í haugtank / -tanka sem rúmi allt að 6.000 m³ sem sé það magn sem falli til á 8 mánuðum. Gert sé ráð fyrir að tankarnir verði tæmdir að vori og hausti og verði svínaskítum dreift á land Torfa sem og aðrar jarðir í Eyjafjarðarsveit skv. samningum. Ljóst sé að lyktar muni gæta þegar svínaskít verður dreift en snögg uppgufun stuðli að því að lyktarmengun sé staðbundin, tímabundin og fremur lítil. Í 4 ½ mánuði megi ekki dreifa svínaskít á tún skv. reglugerð, miðað við árlegt heildarmagn skíts þurfi því að geyma um 3,400 m³ af skít á því tímabili.

Fram kemur að þau íbúðarhús sem liggi næst fyrirhuguðu svínabúi séu Árbær og Finnastaðir í 900-950 m fjarlægð til norðvesturs. Frístundabyggð við Finnastaðaá sé í 650 m fjarlægð [Finnastaðaá er norðan við Torfur]. Bæirnir Grund og Grund II séu í 1.100 m fjarlægð til norðausturs, Ytrafell og



Syðrafell í 1.100 og 1.200 m fjarlægð til vesturs og Samkomugerði II og I séu í 1.400 og 1.600 m fjarlægð til suðurs. Algengustu vindáttir séu norð- eða suðlægar og fremur fátítt að vindar blási þvert á Eyjafjörð. Samkvæmt veðurathugunarstöð á Torfum blási vindur í um 40% tilfella úr norðri eða norðaustri en í um 35% tilfella úr suðri eða suðvestri, logn sé í um 5% tilfella.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin hafi í sínum starfsleyfum um þaueldi miðað við að húsdýraáburði sé dreift frá 1. apríl til 15. október [þ.a. í 5 ½ mánuð á ári megi ekki dreifa svínaskít]. Stofnunin bendir á að starfsreglur um góða búskaparhætti séu frá 2002 en síðan þá hafi starfshættir þróast og stofnunin miði nú við BAT-niðurstöður² þar sem upplýsingar séu um bestu aðferðir við dreifingu skíts til að lágmarka lyktarmengun. Niðurstaða stofnunarinnar sé að staðsetning búsins standist kröfur um fjarlægðarmörk og muni þurfa að uppfylla kröfur um bestu aðgengilegu tækni til að lágmarka m.a. lyktarmengun. Helstu umhverfisáhrif frá þaueldisbúum svína séu áhrif lyktarmengunar nággranna, auk áhrifa við dreifingu svínaskíts sem áburðar. Skv. reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína skuli lágmarksfjarlægð fyrir bú með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín vera 600 m, en 500 m á skilgreindu landbúnaðarsvæði, þar sem engin mannvirki séu innan 600 m rúðs frá svínabúinu séu fjarlægðarmörk uppfyllt. Þar sem vindur á svæðinu blási í 40% tilfella úr NNA og ríkjandi vindátt í hvassviðri sé úr SSV sé ólíklegt að nággrannar finni meira fyrir lyktarmengun en í logni eða hægum vindi. Hvorki sé fjallað um mótvægisáðgerðir til að lágmarka lyktarmengun frá eldihúsum, haugtönkum né við dreifingu svínaskíts á tún, eða áætlun um viðbrögð við kvörtunum. Stofnunin telji næstu nággranna geta orðið fyrir áhrifum lyktarmengunar frá búinu og bendir á að í fyrrnefndu BAT-niðurstöðuskjali megi finna lýsingu á bestu aðgengilegu tækni og aðferðum sem skuli beitt við meðferð svínaskíts, geymslu og dreifingu til að lágmarka lyktarmengun auk annarra þátta við rekstur svínabúa. Stofnunin árétti að rekstraraðili skuli sjá til þess að kröfur BAT-niðurstaðna séu uppfylltar og skila stofnuninni greinargerð um hvaða BAT-aðferðir verði notaðar við rekstur búsins, með vísan í einstaka greinar BAT-niðurstöðu. Niðurstaða stofnunarinnar sé að búinu muni fylgja einhver lyktarmengun en telji að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og mat á umhverfisáhrifum ekki til þess fallið að varpa fram nýjum upplýsingum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að móttaka og dreifing á svínaskít verði í samræmi við nýútgefnar reglur um BAT og í samræmi við þann kafla sem fjalli um bestu aðferðir við dreifingu skíts til að lágmarka lyktarmengun. Haugtankar verði lokaðir/yfirbyggðir og með nýjum reglum um legurými minnki yfirborðsflötur flóra umtalsvert, sem hvorutveggja dragi úr lyktarmengun. Berist kvartanir sé hægt að auka undirburð undir gripi sem dragi úr lykt. Einnig yrðu sett niðurbrotsefni saman við mykju í haugtönkum sem minnki lyktarmengun þegar mykjan sé borin á tún.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að skylt er að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar vegna reksturs á svínabúum. Helstu skilyrði í starfsleyfi lúta að stærð haughúss og hönnun fráveitu, meðferð svínaskíts og annars úrgangs, áðgerðum til koma í veg fyrir að ólykt valdi nágrönnum óþægindum, áðgerðum til að koma í veg fyrir mengun grunn- og yfirborðsvatns, smitvarnir og almenn góð umgengni. Þá þarf að fara að fyrirmælum héraðsdýralæknis um smitvarnir búfjárjúkdóma.

Landslag og sjónræn áhrif

Fram kemur að engin mannvirki séu á spildu fyrirhugaðs svínabús en að tún hafi verið gerð á suðurhluta svæðisins. Svæðið sé fremur flatt með aflíðandi halla frá vestri til austurs og landslag fremur einsleitt. Byggingar og mannvirki muni sjást frá þjóðvegi en til að milda sýnileg áhrif verði

² Besta fáanleg tækni: Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs, 2017“ (BREF) ásamt BAT-niðurstöðum í „Best Available Techniques conclusions under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ sem var birt í „Official Journal of the European Union“ þann 21. febrúar 2017.



settir skilmálar um hæð, útlit og litaval bygginga í deiliskipulagi. Um sé að ræða landbúnaðarsvæði og víða í næsta nágrenni séu útihús s.s. fjós, fjárhús og hlöður. Framkvæmdaraðili telji því að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á landslag og sjónræn áhrif verði óveruleg.

Gróður og lífríki

Fram kemur að svæðið sem fari undir lóðir og byggingar svínabús sé að mestu lítt gróið og efni verði tekið úr lítt grónum áreyrum Finnastaðaár og eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður því talin óveruleg. Sérstæðum gróðurfélögum, sjaldgæfum tegundum eða tegundum á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands verði ekki spillt. Áhrif á lífríki Finnastaðaár, þar sem m.a. hafa fundist bleikju- og laxaseiði, séu talin óveruleg þar sem ekki er gert ráð fyrir að mengun verði frá starfsemi búsins. Allur úrgangur muni fara með niðurgrafinni lögn frá svínabúinu í haugtanka.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands og í kortasjá sérstakrar verndar sé vistgerðin tjarntararflóavist á jaðri svæðisins, sem hafi mjög hátt verndargildi. Stofnunin telji vanta umfjöllun um vistgerðina og votlendið í nálægð við svæðið og hvernig rask verði lágmarkað.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að votlendið sé utan þess svæðis sem deiliskipulag búsins nái til. Því sé ekki talið að votlendið eða vistgerðin tjarntararflóavist verði fyrir áhrifum vegna uppbyggingar eða starfsemi svínabúsins.

Fiskistofa bendir á að í Finnastaðaá sé uppeldissvæði fyrir bleikju og lax sem tengist veiðihagsmunum í Eyjafjarðará. Því væri rétt að kynna framkvæmdina fyrir Veiðifélagi Eyjafjarðará og kalla eftir sjónarmiðum þess vegna fyrirhugaðra áforma. Bein áhrif svínabúsins á veiðihagsmuni gætu komið fram vegna úrgangs frá búinu. Fiskistofa hafi ekki tök á að meta hvort það sé raunhæft að ráðstafa því magni úrgangs sem til falli sem áburði á tún, án þess að það hafi í för með sér áhrif á vatnasvæði Eyjafjarðará. Bendir Fiskistofa á að það verði skoðað sérstaklega og metið af til þess bærum aðilum s.s. Umhverfisstofnun. Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft hafi verið samband við formann Veiðifélags Eyjafjarðará og kynnt honum fyrirhugaða framkvæmd. Í umsögn Veiðifélags Eyjafjarðará til framkvæmdaraðila frá því í febrúar sl. geri félagið ekki athugasemdir við framkvæmdir við svínabúið eins og þeim sé lýst í greinargerð með tilkynningu framkvæmdaraðila, enda verði tryggt með öllum ráðum að úrgangur frá búinu berist ekki í lífríki Eyjafjarðará.

Heilsa og öryggi

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að næsta vatnsból sé staðsett í hlíðinni fyrir ofan Holtssel og sé í meira en 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu svínabúi langt ofan dreifingarsvæðis búfjáraburðar. Næstu vatnsverndarsvæði séu við Háls 7 km til suðurs og við Grísarárbotna 8 km til norðurs sem sé langt umfram kröfur reglugerðar um eldishús alifugla, loðdýra og svín.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að meðhöndlun lífræns úrgangs skuli vera í samræmi við reglugerð um endurnýtingu úrgangs þar sem fram komi að úrgangur skuli meðhöndlaður í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt teikningum sé ekki gert ráð fyrir fóðurstöð á búinu og sé uppruni fóðurs ekki tilgetinn. Stofnunin telji að slíkar upplýsingar ættu að liggja fyrir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að til standi að kaupa tilbúið fóður sem hægt sé að hitameðhöndla og minnka þ.a.l. líkur á að smit berist í bústofna.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar kemur fram að varðandi sjúkdóma og hugsanlegt smit verði farið eftir starfsskilyrðum vegna mengunarvarna fyrir svínabú sem gefin eru út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Til viðbótar við þær kröfur sem þar eru



settar fram mun framkvæmdaraðili gera eftirfarandi ráðstafanir til að varna því að salmonella berist í bústofninn og þ.m.t. mykjuna.

- Gætt verður ýtrustu smitvarna varðandi aðgengi starfsfólks og gesta um svínabúið.
- Notast við svokallað „allt inn - allt út“ kerfi við þvotta. Það felst í því að viðkomandi deild er tæmd, háþrýstipvegin og sótthreinsuð. Þetta hefur það för með sér að ef salmonella berst inn á búið er mögulegt að losna við hana með þessum aðgerðum.
- Keyptur verður nýr bústofn inn á svínabúið sem verður skoðaður ítarlega m.t.t. allra helstu sjúkdóma. Bústofninn sem fer inn á búið verður því laus við sjúkdóm

Einnig er bent á að strangt eftirlit er með afurðum búans í sláturhúsi þar sem bæði eru tekin strokssýni og kjötsafapróf varðandi salmonellu auk annars eftirlits.

SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar. Áður en leyfi verða veitt þarf samþykkt deiliskipulag að liggja fyrir.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. lögum um mannvirki og byggingarreglugerð og eftir atvikum framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra skv. reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína og starfsleyfi Matvælastofnunar skv. lögum um matvæli. Ennfremur starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þá er framkvæmdin jafnframt háð leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

5 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um uppbyggingu svínabús í landi Torfa í Eyjafjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liði 1.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar svo sem stærð og umfangi, úrgangsmyndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð stór mannvirki og gert ráð fyrir umfangsmiklu þauleldi á svínum. Ljóst að töluvert magn úrgangs mun falla til við eldið en allur úrgangur mun fara með niðurgrafinni lögn frá svínabúinu í lokaða haugtanka. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að starfsemin þurfi að uppfylla kröfur um bestu aðgengilega tækni (BAT) og taka mið af þeim aðferðum skv. BAT sem skal beitt við meðferð svínaskíts, geymslu og dreifingu hans til þess að lágmarka lyktarmengun frá búinu og koma í veg fyrir að úrgangur berist í ár þegar skítum er dreift. Skipulagsstofnun telur að ákvæði þess efnis þurfi að koma fram í starfsleyfi. Framkvæmdaraðili hefur auk þess sett fram tillögur að aðgerðum ef kvartanir berast um lykt þrátt fyrir að kröfum um bestu aðgengilegu tækni hafi verið fylgt. Varðandi sjúkdóma í svínum og hugsanlega dreifingu sjúkdóma með úrgangi frá starfseminni hefur framkvæmdaraðili sett fram tillögur sem koma eiga í veg fyrir eða draga úr líkum á að sjúkdómar berist í bústofninn og hugsanlegt sjúkdómssmit frá úrgangi og fyrir liggur að framkvæmdaraðili þarf að fara eftir ákvæðum starfsleyfis heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem m.a. taka til sjúkdómsvarna og viðbragða ef sjúkdómar koma upp. Að mati Skipulagsstofnunar



kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, svæða sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatnsmengunar og mengunar í ám og vötnum, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Starfsemin sem um ræðir er fyrirhuguð á hálfgrónu flatlendi í landbúnaðarhéraði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að staðsetning búsins standist kröfur um fjarlægðarmörk frá íbúðarbyggð m.t.t. lyktarmengunar. Fyrir liggur samkvæmt framlögðum gögnum að næsta vatnsból er staðsett í hlíð í meira en 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu svínabúi langt ofan dreifingarsvæðis búfjáraburðar og næstu vatnsverndarsvæði eru í rúmlega 7 km fjarlægð sem er langt umfram kröfur reglugerðar. Framkvæmdasvæðið er í nágrenni votlendis þar sem vistgerðin tjarnstararflóavist finnst en mun ekki raska votlendinu eða vistgerðinni. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, og fjölda þess fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif vegna svínabúsins verði vegna þess úrgangs sem mun falla til frá búinu. Næsta vatnsból er staðsett í tveggja km fjarlægð ofan við dreifingarsvæði svínaskítsins og í rúmlega 7 km fjarlægð frá vatnsverndarsvæðum og því ekki líklegt að úrgangur berist í grunnvatn. Úrgangurinn getur hins vegar haft í för með sér neikvæð áhrif vegna lyktarmengunar auk mögulegra neikvæðra áhrifa á vatnalíf en eins og áður sagði þarf að tryggja að úrgangur frá búinu berist ekki í lífríki Finnastaða- og Eyjafjarðaráa. Ef ströngustu kröfum um bestu aðgengilegu tækni verður framfylgt munu neikvæð áhrif vegna lyktar að öllum líkindum verða tímabundin og vara skammt og verða að mati stofnunarinnar bundin við afmarkað svæði þar sem annar landbúnaður er stundaður og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. apríl 2019.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Jakob Gunnarsson